

**32. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, fimmtudaginn 30.  
júni 2022  
og hófst hann kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM) og Jón Ingi Jónsson (JIJ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Hafnarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomid og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 32 lögmetan.

Formaður óskaði eftir afbrigðum um að mál með málsnr. 2203335 yrði sett á dagskrá til afgreiðslu og var það samþykkt. Verður það mál nr. 7 á fundinum og mál þar á eftir færast niður sem því nemur.

**Dagskrá:**

**1. Varaformaður Atvinnu- og hafnarnefndar - 2206097**

Kjör varaformanns Atvinnu- og hafnarnefndar.

*Samþykkt samhljóða að Jón Ingi Jónsson verði varaformaður Atvinnu- og hafnarnefndar.*

**2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069**

Tillaga að erindisbréfi Atvinnu- og hafnarnefndar. Mál frá 593. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.06.2022.

*Rætt. Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu erindisbréfsins til næsta fundar nefndarinnar.*

**3. Starfsáætlun Atvinnu- og hafnarnefndar 2022-2023 - 2206098**

Starfsáætlun Atvinnu- og hafnarnefndar til vors 2023.

*Samþykkt samhljóða að fundir nefndarinnar verði að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, fyrsta miðvikudag mánaðarins kl. 17:30. Næsti fundur nefndarinnar mun þó fara fram miðvikudaginn 10. ágúst 2022 vegna sumarleyfa á skrifstofu.*

**4. Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar - 2009255**

Mál frá 29. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 21.10.2021 og 56. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 01.11.2021. Jafnframt er lagt fram minnisblað sveitarstjóra dags. 05.04.2022 vegna málsins.

*Lagt fram. Afgreiðslu frestað til fundar nefndarinnar í ágúst.*

**5. Framkvæmdir 2022 - 2202156**

Minnisblað vegna framkvæmda 2022 dags. 10.02.2022 lagt fram.

*Nefndin telur mikilvægt að samtal milli Atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps*

*og hafnasviðs Vegagerðarinnar verði tekið upp sem fyrst vegna framkvæmda við Tálknafjarðarhöfn. Hafnarstjóra og formanni er falið að funda með Vegagerðinni vegna málsins.*

**6. Skírteini vegna hafnsögu - 2201045**

Erindi frá Jóni Þórðarsyni dags. 22.01.2022 vegna endurnýjunar skírteinis vegna hafnsögu.

*Atvinnu- og hafnarnefnd harmar þann drátt sem orðinn er á afgreiðslu þessa máls. Nefndin telur rétt að mæla með útgáfu hafnsöguskírteinis til handa bréfrítara.*

**7. Strandsvæðisskipulag - 2103057**

Erindi frá sveitarstjóra dags. 28.06.2022 þar sem tilkynnt er um að ákvörðun sveitarstjórnar að senda Strandsvæðisskipulag Vestfjarða til umfjöllunar í atvinnu- og hafnarnefnd.

*Samþykkt samhljóða að fresta umfjöllun til næsta fundar nefndarinnar.*

**8. Umsókn í fiskeldissjóð - 2203335**

Erindi frá stjórn Fiskeldissjóðs dags. 27.05.2022 vegna umsóknar Tálknafjarðarhrepps í Fiskelidssjóð árið 2022. Mál á dagskrá 593. fundar sveitarstjórnar sem fór fram 23.06.2022.

*Lagt fram.*

**9. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145**

Fundargerðir stjórnarfunda Hafnasambands Íslands nr. 441 sem fór fram 21.01.2022 og nr. 442 sem fór fram 18.02.2022 ásamt ársreikningum sambandsins fyrir árið 2021.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)